

**1088. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 6. janúar 2020 og
hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður og
Daníel Jakobsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hafdís Gunnarsdóttir.

Embættismenn:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari og Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur - 2018020100

Lagður fram tölvupóstur Egils Þórarinssonar f.h. Skipulagsstofnunar, dagsettur 27.
desember sl., þar sem óskað er umsagnar um frummatsskýrslu um vegagerð á
Vestfjarðavegi (60) um Dynjandisheiði og á Bíldudalsvegi (63).

*Bæjarráð vísar umsagnarbeiðninni um frummatsskýrsluna til skipulags- og
mannvirkjanefndar.*

2. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2019/2020 - 2019090036

Lagður fram tölvupóstur Sigurbjargar Óladóttur f.h. atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneytis, dagsettur 30. desember sl., þar sem tilkynnt er um úthlutun
byggðakvóta til Ísafjarðarbæjar.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að boða útgerðarmenn til fundar vegna sérreglna við
úthlutun byggðakvóta til Ísafjarðarbæjar.*

3. Almenningsamgöngur milli sveitarfélaga - 2016080041

Lagður er fram tölvupóstur Guðmundar Gunnarssonar, bæjarstjóra dags. 18.
desember sl., til bæjarstjóra Súðavíkurrepps og Bolungarvíkurkaupstaðar auk
minnisblaðs starfshóps um endurskipulag almenningsamgangna á norðanverðum
Vestfjörðum, undirritað af Aðalsteini Óskarssyni, sviðsstjóra á Vestfjarðastofu,
dags. 12. desember sl.

*Bæjarráði list vel á framlagt upplegg Vestfjarðastofu um hvernig vinnu við
endurskipulagningu almenningsamgangna á norðanverðum Vestfjörðum verði
háttáð.*

4. Against the current - styrkbeiðni - 2018090092

Lagður er fram tölvupóstur Veigu Grétarsdóttur, dags. 22. desember sl., með
beiðni um styrk fyrir framleiðslu myndarinnar Against The Current og fræðslu og
forvarnir innan sveitarfélagsins.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera drög að viðauka og samningi vegna

verkefnisins og leggja aftur fyrir bæjarráð.

5. Breytingar á umferðarlögum - 2019010030

Lagður fram tölvupóstur Hildar Guðjónsdóttur f.h. Samgöngustofu, dagsettur 16. desember sl., þar sem kynntar eru breytingar á umferðarlögum sem tóku gildi um áramótin.

Bæjarráð vísar erindinu til skipulags- og mannvirkjanefndar og felur nefndinni að skoða breytingarnar m.a. m.t.t. umferðisöryggisáætlunar Ísafjarðarbæjar.

6. Rekstrarstuðningur til upplýsingamiðstöðva 2020 - 2019120070

Lagður fram tölvupóstur Guðnýjar Hrafnkelsdóttur f.h. Ferðamálastofu, dagsettur 18. desember sl., þar sem kynnt er breytt fyrirkomulag á rekstrarstuðningi til upplýsingamiðstöðva.

Samkvæmt upplýsingum frá Markaðsstofu Vestfjarða mun rekstrarstuðningur renna til Upplýsingamiðstöðvar ferðamála sem hefur starfsstöð á Ísafirði.

7. Ferðaþjónusta fatlaðra í Ísafjarðarbæ 2017-2021 - 2017060028

Lagt fram bréf Ólafs Baldurssonar f.h. Olla ehf., dagsett 31. desember sl., þar sem verksamningi ferðaþjónustu fatlaðra í Ísafjarðarbæ er sagt upp.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að afla frekari upplýsinga um í hverju þessar breyttu forsendur felist og frestar erindinu til næsta fundar.

8. Fundargerðir 2019-2020 - Samband íslenskra sveitarfélaga - 2019090035

Lögð fram fundargerð 877. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 13. desember sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. Atvinnu- og menningarmálanefnd - 149 - 1912017F

Fundargerð 149. fundar atvinnu- og menningarmálanefndar, sem haldinn var 17. desember sl. Fundargerðin er í 6 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. Ípróttá- og tómstundanefnd - 203 - 1912006F

Fundargerð 203. fundar ípróttá- og tómstundanefndar sem haldinn var 18. desember sl. Fundargerðin er í 1 lið.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 532 - 1912018F

Fundargerð 532. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 18. desember sl. Fundargerðin er í 9 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11.8 2019100042 - Umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði á Þingeyri - Sjávargata 4

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila breytingu á deiliskipulagi. Breytingin felst í því að nýtingarhlutfall og byggingarreitur verði skilgreind á lóð við Sjávargötu 4, að lokinni deiliskipulagsbreytingu, verður lóðin sett á lóðarlista yfir lausar lóðir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:46

Arna Lára Jónsdóttir

Marzellíus Sveinbjörnsson

Hafdís Gunnarsdóttir

Þórdís Sif Sigurðardóttir

Guðmundur Gunnarsson